



Situr þú heima og hugsar um
hvað unglingsarnir eru að gera?
Vertu með í foreldraröltinu!

Foreldrarölt

Leiðarvísir fyrir foreldra



Hvað er Götuvitinn?


Götuvitinn er forvarnarstarf á vegum Hafnarfjarðarbæjar og er í samstarfi við foreldraröltið í hverfum bæjarins.

Hlutverk Götuvita er að sinna leitarstarfi og miðar að því að finna þá unglingsa sem teljast til áhættuhóps og aðstoða þá.

Oftast eru leitarvaktir Götuvitans á föstudagskvöldum, en þó eru einnig leitarvaktir á virkum dögum og á laugarögum.

- Þá föstudaga sem ekki er föst vakt eru starfsmenn á bakvakt og geta því foreldrar á foreldrarölti hringt í starfsmenn félagsmiðstöðvanna (frá kl. 21:00-01:00) eða lögreglu ef svo ber undir.

Sími Götuvitans er: 664 5777.



Munið að öll foreldralaus party ber
að tilkynna til lögreglu!

Sími lögreglunnar er: 525 3300.

Neyðarnúmer: 1-1-2.

Sýnum samstöðu – verum sýnileg

Tökum þátt í foreldrarölti!

vodafone



HAFNARFJÖRÐUR

Foreldrarölt

Hvernig er staðið að foreldrarölti?

Foreldrafélög grunnskólanna í Hafnarfirði skipuleggja og standa fyrir foreldrarölti í sínu skólahverfi, þ.e. að stjórn foreldrafélags, nefnd eða einhver fulltrúi tekur að sér að halda utan um skipulagið og kynna það fyrir foreldrum. Nánari upplýsingar um skipulag og framkvæmd má finna á vefsíðum skólanna og/eða foreldrafélaganna.

- Röltið fer fram á föstudags- eða laugardagskvöldum
- Hist er í félagsmiðstöðinni í skólanum um kl. 22:00 og dagbók/símar foreldrarölsins eru sóttir. Gott er að hafa leiðbeiningar um starfið og kort af hverfinu.
- Eftir rölt er fyllt út í dagbók/skrifuð stutt skýrsla.
- Gengið er frá dagbók fyrir næsta foreldrarölt.

Hvernig á að hegða sér á foreldrarölti?

- Ganga um hverfið og fara á þá staði sem líklegt er að safni saman unglíngum.
- Tala við unglíngana sem sjást til að kynna þeim.
- Beita ekki valdi til að leysa vandamál.
- Hringja í Götuvitann eða lögreglu ef ekki er víska um hvernig bregðast á við óvæntum uppkomum.
- Hringja alltaf á lögreglu ef vart verður við sölu eða



neyslu vímuefna, ofbeldi, slys eða annað sem krefst afskipta hennar.

- Tilkynna foreldralaus party til lögreglu.

Eina ráðið til að ala upp börn er að vera þeim til fyrirmyndar.

- Albert Einstein.

Skilar foreldrarölt árangri?

Foreldrarölt er trúlega einn öflugasti vettvangur foreldra til að öðlast þekkingu á umhverfi sínu og barna sinna. Rannsóknir sýna að samverustund fjölskyldna er ein besta forvörnin því að eftir því sem unglíngar eru yngri þegar þeir hefja neyslu áfengis og annarra vímuefna því alvarlegri verða vandamál sem neyslunni fylgja.

Þeir unglíngar sem eru undir virku eftirliti foreldra, fá stuðning heiman frá og njóta samvasta með fjölskyldunni eru að öðru jöfnu ólíklegri til að verða áfengi og öðrum vímuefnum að bráð.

Þátttaka í foreldrarölti er því góð leið til að sýna skilning, umhyggju og ábyrgð í uppeldinu.

Aðilar sem koma að forvörnum eru sammála um góðan árangur af foreldrarölti:

- Það eykur á ró í hverfum bæjarins.
- Það dregur úr hópamyndun unglínga og ölvun minnkar.
- Það minnkar ólöglega útiveru ungs fólks á kvöldin.
- Foreldrar kynna ástandinu í hverfinu og geta brugðist við af ábyrgð.



Það er svo sem gott og blessað að ala börn eftir bókum. Gallinn er aðeins sá að það þarf sérstaka bók fyrir hvert barn.

- Dun Bennett

Foreldrarölt er:

- Að sýna börnunum að okkur er ekki sama um þau.
- Að vilja vernda börnin fyrir óæskilegum aðilum.
- Að standa saman um að virða útivistartíma.
- Ekki lögregluvakt!



Símar foreldrarölsins og vefköng skóla:

Áslandsskóli	664 5774	www.aslandsskoli.is
Engidalsskóli	664 5789	www.engidalsskoli.is
Hraunvallaskóli	664 5783	www.hraunvallaskoli.is
Hvaleyrarskóli	664 5770	www.hvaleyrarskoli.is
Lækjarskóli	664 5782	www.laekjarskoli.is
Setbergsskóli	664 5771	www.setbergsskoli.is
Víðistaðaskóli	664 5769	www.vidistadaskoli.is
Öldutúnsskóli	664 5772	www.öldutunsskoli.is



Munið að ræða ekki málefni einstaklinga, sem upp koma á foreldraröltinu, við óviðkomandi.

Heimilið er ekki lengur verkstæði úti í náttúrunni, heimilið er næringar- og tæmingarstöð mitt í malbikinu.

- Pétur Gunnarsson, 1971